

6. gr.

Sveitarstjórn ákveður greiðslufrest gatnagerðargjalds og getur áskilið, að útblutun verði háð því, að full skil verði gerð áður en byggingarleyfi verður veitt.

7. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjald samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Hreppsnefnd sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. september 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

4. október 1976.

Nr. 363.

AUGLÝSING

um tímabundna breytingu á reglugerð um Grænmetisverslun landbúnaðarins, mat og flokkun kartaflna og grænmetis nr. 162 28. september 1962.

1. gr.

3. málsgrein 14. gr. orðist svo:

II. flokkur.

Í annan flokk koma þau afbrigði, sem Tilraunaráð jarðræktar ákveður. Afbrigðin skulu vera vel aðgreind, þurr og vel útlitandi. Í blöndun annarra afbrigða ekki yfir 3%. Kartöflurnar skulu aðgreindar í tvo stærðarflokka. Annarsvegar með notkun 28—40 mm netsigtis og hins vegar þar af stærri. Í fyrri floknum má magn kartaflna er flokkast á 28—30 mm netsigti ekki fara yfir 20% og þess skal jafnframt gætt að eðlileg stærðardreifing haldist. Kartöflurnar mega ekki vera grænar, skemmdar af myglu, rotnun eða frosti. Kláði og aðrir hýðissjúkdómar séu undir 5%.

2. gr.

Reglugerðarbreytingin skal gilda fyrir uppskeru á íslenskum kartöflum haustið 1976, nema annað verði ákveðið og öðlast þegar gildi.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. október 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Guðmundur Sigþórsson.